

KLÍNÍSK SÁLFRÆÐI

E-413-KLIN



Ár: 2. eða 3. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (sérhæft námskeið í sálfræði).

Undanfarar: 1. ár í BSc-námi í sálfræði.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Sigurður Viðar

Lýsing: Í námskeiðinu verður fjallað um helstu geðraskanir, einkenni og meðferð. Fjallað verður um kenningar og starfshætti innan klínískrar sálfræði. Farið verður yfir klínískar geðgreiningar og stuðst við fimmtu útgáfu handbókar um greiningu geðraskana (Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders: DSM-5). Helstu meðferðarform verða kynnt en aðaláherslan verður á hugræna atferlismeðferð.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Pekking

- Gert grein fyrir helstu flokkunum geðrænna raskana.
- Lýst helstu kenningum innan klínískrar sálfræði.
- Gert skil á helstu rannsóknaraðferðum sem notaðar eru í klínískri sálfræði.
- Fjallað um helstu meðferðarform sem notuð eru innan klínískrar sálfræði.
- Skilgreint og útskýrt mikilvæg hugtök og aðferðir í hugrænni atferlismeðferð sem notuð eru við kvíða og þunglyndi.

Leikni

- Lagt gagnrýnið mat á helstu kenningar og meðferðarform innan klínískrar sálfræði og metið notagildi út frá rannsóknum.
- Notað nokkrar aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar við mat og úrlausn á eigin vanda.

Hæfni

- Tjáð sig um einkenni mismunandi geðraskana og rökstutt viðeigandi meðferðarform.
- Aflað sér frekari þekkingar um geðraskanir og gagnreyndar meðferðir við þeim.

Námsmat: Tímapróf, hópverkefni og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.